

**58. fundur hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 18. apríl og hófst hann kl. 09:00.****Fundinn sátu:**

Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson, Nanna Jónsdóttir, Elín Grétarsdóttir og Egill Sigurðsson. Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

**Dagskrá**

1. Ársreikningur Ásahrepps 2017, fyrri umræða
2. Ársreikningur Ásaljóss 2017
3. Endurskoðunarskýrsla KPMG 2017
4. Skýrsla KPMG til sveitarstjóra, stjórnarsýsluskoðun
5. Fundargerðir
6. Erindi til hreppsnefndar
7. Dómur í máli gegn Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og íslenska ríkinu
8. Giljatangi
9. Næsti fundur hreppsnefndar

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og leitaði afbrigða að bæta undirliðnum f) við athugasemdamynd við leigusamning um skála á Þóristungum frá BJJ og KÖ við lið 6) Erindi til hreppsnefndar.

Hafnað (NJ, EG og ES).

BJJ og KÖ greiða atkvæði með.

Bókun BJJ og KÖ. Við undirrituð fordæmum afgreiðsluna og á hvaða forsendum beiðninni er hafnað, þar sem þetta er leið samkvæmt fundarsköpum Ásahrepps til að koma að málum. Engin fordæmi eru fyrir því í tíð þessarar sveitarstjórnar að leitun afbrigða hafi verið hafnað.

Bókun (ES, EG og NJ) umræða um beiðni vegna breytingar á dagskrá (afbrigði) var einungis lögð fram með 14 klst. fyrirvara eða kl. 18:52, 17. apríl. sl. Samkvæmt sveitarstjórnalögum og samþykktum Ásahrepps ber að leggja slíkt fram með að minnsta kosti þriggja sólarhringa fyrirvara. Það er gert til þess að hreppsnefnd hafi hæfilegan tíma til að kynna sér málið.

**Gengið til dagskrár:****1. Ársreikningur Ásahrepps 2017, fyrri umræða**

Ársreikningur Ásahrepps fyrir árið 2017 lagður fram til fyrri umræðu. Auðunn Guðjónsson endurskoðandi hjá KPMG mætti á fundinn og kynnti helstu lykiltölur og svaraði fyrirspurnum. Ársreikningi vísað til annarrar umræðu þann 9. maí nk.

**2. Ársreikningur Ásaljóss 2017**

Ársreikningur Ásaljóss fyrir árið 2017 lagður fram. Auðunn Guðjónsson endurskoðandi hjá KPMG kynnti helstu lykiltölur og svaraði fyrirspurnum. Rekstrarniðurstaða Ásaljóss á árinu 2017 neikvæðum 446 þús. kr. Eigið fé í árslok 2017 nam 73,0 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Hreppsnefnd samþykkir ársreikning Ásaljóss og undirritar hann til staðfestingar.

**3. Endurskoðunarskýrsla KPMG 2017**

Auðunn Guðjónsson endurskoðandi hjá KPMG, kynnti endurskoðunarskýrslu frá KPMG fyrir árið 2017.

**4. Skýrsla KPMG til sveitarstjóra, stjórnarsýsluskoðun**

Auðunn Guðjónsson endurskoðandi frá KPMG, kynnti skýrslu til sveitarstjóra vegna stjórnarsýsluskoðunar frá KPMG fyrir árið 2017.

Auðunn vék af fundi.

## 5. Fundargerðir

### a) 154. fundur skipulagsnefndar haldinn 10. apríl sl. liður 23 og 24 þarfnast umfjöllunar

#### Liður 23. Miðmundarholt 1-6: Ásahreppur: Breytt notkun lóða vegna rekstrarleyfis

*Aðalskipulagsbreyting - 1804005*

*Lögð fram umsókn Margrétarhofs hf. dags. 12. mars 2018 um breytingu á skipulagi íbúðarhúsalóða við Miðmundarholt 1-6 þannig að heimilt verði að gefa út rekstraleyfi fyrir gistingu.*

*Að mati skipulagsnefndar er forsenda þess að hægt verði að gefa út rekstrarleyfi fyrir gistingu í samræmi við umsókn er að aðal- og deiliskipulagi svæðisins verði breytt. Í ljósi þess að umsækjandi er eigandi að öllum lóðum innan skipulagssvæðisins er ekki gerð athugasemd við að sveitarstjórn samþykki að gera óverulega breytingu á aðal- og deiliskipulagi sem felst í að sett er inn heimild til að breyta íbúðarhúsum á svæðinu í gistihús.*

Hreppsnefnd staðfestir bókun skipulagsnefndar.

#### Liður 24. Hestheimar lnr 212134: Tvö ný gestahús á Þ2: Deiliskipulagsbreyting - 1804028

*Lögð fram umsókn Eignarhaldsfélagsins Einhamar ehf. dags. 5. apríl 2018 um breytingu á deiliskipulagi Hestheima. Í breytingunni felst að byggingarreitir fyrir gestahús (Þ2)stækkar til norður og gert ráð fyrir að þar megi bæta við tveimur 40 fm gestahúsum.*

*Að mati nefndarinnar er breytingin óveruleg og gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn samþykki hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga, með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar fyrir eigendum Sumarliðabæjar 1 (Inr. 165279 og Einholts (Inr. 180119).*

Hreppsnefnd staðfestir bókun skipulagsnefndar.

### b) 19. fundur Húsakynna bs., haldinn 9. apríl sl., liður 2 þarfnast umfjöllunar

#### Liður 2. 1601012 - Eignir í umsjá Húsakynna bs.

##### 2.1 Þóristungur

Á 57. fundi hreppsnefndar. þann 11. apríl sl. var liðnum frestað. Nú hefur lögfræðingur Ásahrepps Jón Páll Hilmarsson Pacta farið yfir samninginn og komið inn þeim ábendingum sem fram komu á 57. fundi hreppsnefndar.

Samningurinn samþykktur með 3 atkvæðum (NJ, EG og ES).

BJJ og KÖ greiða atkvæði á móti.

Bókun (BJJ og KÖ) við undirrituð höfnum þessum samningi þar sem hann er óásættanlegur og verulega hliðhollur leigutaka. Ekki hefur verið brugðist við öllum þeim ábendingum sem fram komu á 57. fundi. Einnig hafnaði meirihlutinn (ES, EG og NJ) að taka fyrir viðbótarupplýsingum máli okkar til stuðnings.

## 6. Erindi til hreppsnefndar

### a) Erindi frá Árna Pálssyni þess efnis að hreppsnefndarfundir verði framvegis hljóðritaðir og hafðir aðgengilegir almenningi á netinu eins og víða er orðið í sveitarfélögum.

Hreppsnefnd (ES, BJJ, KÖ og NJ) tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram. EG vék af fundi undir þessum lið.

## 7. Dómur í máli gegn Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og íslenska ríkinu

Farið yfir niðurstöður dóms frá 9. apríl sl. mál nr. E-139/2017. Málið er gegn Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og íslenska ríkinu. Ekki var fallist á kröfur sveitarfélaganna og var hvert og eitt sveitarfélag dæmt til að greiða stefndu, Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og íslenska ríkinu, 1 mkr. í málskostnað.

Hreppsnefnd samþykkir áfrýjun með fyrirvara um samþykki annarra sveitarfélaga sem áttu hlut að málinu.

## Hreppsnefnd

**8. Giljatangi**

Lögð fram tillaga að gengið verði til samninga við Rangárþing ytra um uppskiptingu á eignum í Giljatanga með þeim hætti að Ásahreppur eignist eina íbúð og Rangárþing ytra þrjár með skilgreindum lóðum.

Samþykkt.

**9. Næsti fundur hreppsnefndar**

Næsti fundur hreppsnefndar verður haldinn miðvikudaginn 9. maí nk. kl. 09:00 á skrifstofu Ásahrepps á Laugalandi.

**Til kynningar:**

- A. Fréttabréf um vinnuvernd 1.tbl. 2018.
- B. 7. þing KÍ, sambandið.
- C. 531. fundur SASS.
- D. Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs - athugasemdafrestur til 18. apríl.
- E. HSK, ársskýrsla 2017.

Fundargerð yfirlésin, samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 11:05

---

Elín Grétarsdóttir (sign)

---

Brynja Jóna Jónasdóttir (sign)

---

Karl Ölvisson (sign)

---

Egill Sigurðsson (sign)

---

Nanna Jónsdóttir (sign)